

**Nd. 633. Frumvarp til laga [156. mál]**

um breyting á lögum nr. 122 28. desember 1950, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

**1. gr.**

Upphaf 24. gr. laganna orðist svo:

Grunnupphæðir iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs samkvæmt IV. kafla laganna, 2.—5., skulu vera sem hér segir til ársloka 1954.

**2. gr.**

26. gr. laganna orðist svo:

Í stað ákvæða síðasta másl. fyrstu málsgr. 109. gr. laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald iðgjaldsgreiðanda samkv. 1. málsgr. 109. gr. laganna, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu.

**3. gr.**

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu á framlagi sínu til Tryggingastofnunar ríkisins í eitt ár eða lengur, og er ráðherra þá heimilt að ákveða, að hald skuli lagt á allt að 25% álagðra útsvara í sveitarfélaginu og sá hluti útsvara jafnan greiddur innheimtumanni ríkissjóðs jafnóðum og útsvör innheimtast, mánaðarlega eða ársfjórðungslega, eftir því sem innheimtumaður krefst; og skal sú skipan haldast þangað til skuld sveitarsjóðs við Tryggingastofnunina er að fullu greidd.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 122 1950 og gefa þau út svo breytt.